17. fundur stjórnar Hestamannafélagsins Fáks 2025 - 2026
13. apríl 2026 kl. 17:00
Guðmundarstofa

Mættir: Hlíf Sturludóttir (HS), Ragnheiður Ásta Sigurðardóttir (RÁS), Ívar Hauksson (ÍH), Þormóður Skorri Steingrímsson (ÞSS), Sigurður Elmar Birgisson (SEB) og Hákon Leifsson (HL) og Einar Gíslason (EG).

Fjarverandi: Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir (VFS).

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

Fundargerð síðasta stjórnarfundar var samþykkt samhljóða.

2. Ársreikningur 2025 undirritaður

Ársreikningur ársins 2025 var undirritaður og þannig samþykktur af stjórn.

3. Aðalfundur - ákvörðun félagsgjalda

Félagsgjöld eru nú 23.000 og 9.500. Stjórn leggur til við aðalfund að félagsgjöld fyrir fullorðna verði 25.000 og fyrir ungmenni 10.000, fyrir árið 2027.

4. Aðalfundur - skoðunarmenn

HS leggur til að lagt verði til við aðalfund að Silja Ósvaldsdóttir og Ásdís Clausen hjá Fastland verði kjörnar skoðunarmenn félagsins.

Samþykkt samhljóða.

5. Samstarfssamningur við Lýsi

EG hefur náð samkomulagi við Lýsi um áframhaldandi styrktarsamning um reiðhöllina. EG og HS stefna á að hitta á Katrínu til að skrifa undir samninginn í þessari viku.

Samþykkt samhljóða.

6. Firmakeppni Fáks

Farið yfir styrktarlista vegna firmakeppni og verkefnum skipt á milli stjórnarmanna.

7. Ráðstefna á Hólum í Hjaltadal – Dýr í starfi með fólki – hvernig og hvers vegna og verkefnið "Hestar fyrir alla"

HS segir frá fundi sem hún og EG áttu með starfshópi á vegum LH sem er að undirbúa stofnun reiðskóla fyrir fatlaða. Þetta er áhugavert verkefni sem Fákur á að vera stofnaðili að. HS óskar eftir heimild frá stjórn til að sækja ráðstefnu á vegum félagsins um hvernig dýr og þá sérstaklega hestar eru nýttir í meðferðarvinnu með fólki og fötluðum einstaklingum.

Samþykkt samhljóða.

8. Tjón á reiðvegum vegna leysinga

HS og EG fóru um reiðvegi félagsins í dag og skoðuðu ástand þeirra eftir leysingar síðustu daga. Ástandið er slæmt á nokkrum stöðum við Almannadal og hefur mikið efni runnið úr reiðvegunum. HS hefur sent beiðni um styrk til Reykjavíkurborgar til að lagfæra reiðvegina en því hefur ekki verið svarað. EG mun hafa samband við aðila innan hverfismiðstöðvarinnar hjá Reykjavíkurborg. Ef Reykjavíkurborg kemur ekki að lagfæringum á reiðstígum með félaginu er hér um töluvert fjártjón fyrir félagið.

9. Erindi til félagsins vegna umferðar við reiðhöllina og staðsetningar plastgáms

Erindi barst frá félagsmanni varðandi umferð meðfram reiðhöllinni sem meðal annars tengist gámi sem tekur við heyrúlluplasti. Síðan er einhver umferð fólks sem er að stytta sér leið frá reiðhöllinni að Víðidal. EG er falið að færa gáminn norður fyrir reiðhöllina og loka veginum með steinum til að stöðva þessa umferð.

10. Tillaga Framsóknarflokksins um endurskoðun á meðhöndlun lífræns úrgangs

Framsóknarflokkurinn mun á miðvikudaginn leggja fram tillögu um endurskoðun á meðhöndlun lífræns úrgangs, þ.m.t. hrossataðs. Tillaga fulltrúa Framsóknarflokksins um endurskoðun á meðhöndlun lífræns úrgangs er eftirfarandi:

Fulltrúi Framsóknarflokksins í umhverfis- og skipulagsráði leggur til að umhverfis- og skipulagsráð beini því til borgarstjóra að hefja samtal við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) um hvernig bæta megi móttöku og meðhöndlun lífræns úrgangs á höfuðborgarsvæðinu

11. Önnur mál

a. Handbók fyrirmyndarfélags

i. EG er að setja handbókina upp og stefnt að því að senda hana til ÍSÍ í byrjun maí.

b. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins

i. HS mun senda drög að skýrslu stjórnar á stjórn í lok vikunnar.

c. Heimsóknir framboða

i. HS og EG hafa hitt Framsókn og Sjálfstæðisflokk. Framundan eru fyrirhugaðir fundir með Viðreisn og Samfylkingunni.

d. Miðnæturreið

i. Miðnæturreið í Gjárétt verður haldin 29. maí.

e. Reiðmenn vindanna og vorreiðtúr.

i. Fyrirhugað er að reiðmenn vindanna ásamt öðrum körlum fari í vorreiðtúr þann 15. maí 2026.

Fundi var slitið kl. 18:15.